

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna.

Opið brjef er kunngjörir ríkistöku Frederiks konungs hins Áttunda, undirskrifað af konungi 30. jan. 1906 (A nr. 1, bls. 2—3).

Auglýsing um fangamark konungs, undirskrifað af Hans hátign 31. s. m. (A nr. 2, bls. 4—5).

Reglugjörð fyrir veðdeild landsbankans í Reykjavík um útgáfu á nýjum flokki (seríu) bankavaxtabryjfa samkvæmt lögum 20. október 1905, undirskrifuð af ráðherranum 1. apríl 1906 (A nr. 3, bls. 6—17).

Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Þingeyjarsýslu um endurveiting hlunninda handa sparisjóði Höfðhverfinga. 58

23. maí

Útaf beiðni, er hingað hefir borizt frá forstöðunefnd sparisjóðs Höfðhverfinga, vill stjórnarráðið hjermeð endurveita nefndum sjóði um 5 ár frá 1. júní næstkomandi að telja hlunnindi þau, sem ræðir um í tilsk. 5. jan. 1874 um hlunnindi nokkur fyrir sparisjóði á Íslandi með þeim skilyrðum, að eigi rýrni trygging sú, er nú er fyrir því að sjóðurinn standi í skilum, að ákvæðanna um reikningsskil í lögum sjóðsins verði nákvæmlega gætt og að forstöðunefnd sjóðsins sendi hingað á ári hverju endurrit af ársreikningi hans í fyrirskipuðu formi. Svo ber og að senda hingað skýrslu um hverja þá breyting, sem verða kann á lögum sjóðsins.

Þetta er yður, herra sýslumaður, til vitundar gefið til birtingar fyrir forstöðunefnd sparisjóðsins.

Brjef stjórnarráðsins til rektors hins almenna menntaskóla viðvíkjandi þingsályktun um árspróf í menntaskólanum. 59

25. maí

Eptir að stjórnarráðið hefir fengið álit og tillögur yðar, herra rektor, og kennaranna viðvíkjandi þingsályktun frá síðasta þingi um árspróf í menntaskólanum, skal yður hjermeð til vitundar gefið, að stjórnarráðið verður að aðhyllast þá skoðun yðar og kennaranna, að ekki sje rjett að taka það upp sem reglu, að allir utan-skólanemendur, er þess kynnu að óska, gangi undir árspróf hins almenna menntaskóla í 1. og 2. bekk gagnfræðadeildarinnar eða 1. og 2. bekk lærdómsdeildarinnar. Hinsvegar vill stjórnarráðið vegna áskorunar þingsins samþykkja, að sömu reglu og að undanfögnu verði fylgt í þessu efni við árspróf í þeim bekkjum skólans, þar sem bráðabirgðareglugjörðin frá 9. september 1904 er enn ekki gengin í gildi, þangað til jafnóðum og hún öðlast gildi samkvæmt 31. gr. reglugjörðarinnar, eða endanleg reglugjörð verður sett, þó þannig, að utanskólanemendurnir gangi upp í öllum hinum sömu greinum sem skólanemendur, að enginn, sem farið

59 hefir úr skóla vegna óknytta, eigi rjett á að ganga undir árspróf þessi. Enn-
25. maí fremur verður að krefjast þess, að þeir leggi fram fullnægjandi vottorð frá þeim, er hafa kennt þeim, að siðferði þeirra sje óspillt og að þeir sjeu ekki haldnir af neinum næmum sjúkdómi eða kvilla, er orðið gæti nemendum skólans skaðvænn.

Í sambandi við þetta skal það tekið fram, að stjórnarráðið telur sjálfsagt, að þeir nemendur menntaskólans, sem af einhverjum og sjerstökum ástæðum, sem skólastjórnin metur gildar, hindrast frá því að koma til skólans eitthvert ár, fái að ganga undir ársprófið í hverjum framangreindra bekkja sem er, ef þeir fullnægja framangreindum skilyrðum, og veitir prófið þeim þá sama rjett og nemendum skólans.

Brjef rektors dagsett 26. apríl.

Hið háa stjórnarráð hefir í brjefi, dags 5. des. f. árs, leitað álits skólastjóra og kennenda við menntaskólann um það, hvort nokkuð sje því til fyrirstöðu, að þingsályktan sú, er samþykkt var af báðum deildum alþingis á síðastliðnu sumri og sem var þannig hljóðandi: »að utanskólanámssveinum og námsmeyjum verði gefinn kostur á að ganga undir árspróf þau, sem haldin eru í hinum almenna menntaskóla í Reykjavík« — verði tekin til greina. Útaf þessu var í fyrra dag (24. þ. m.) haldinn kennarafundur og mál þetta tekið til umræðu. Álit fundarins var á þessa leið:

Í fyrsta lagi lítur fundurinn svo á, að bráðabirgðareglugjörð hins almenna mentaskóla heimili eigi árspróf utanskólanemenda, því að þar er í 12. gr. aðeins gjört ráð fyrir, að þeir, sem fengið hafa hæfilegan undirbúning utan skóla, fái að ganga undir gagnfræðapróf og stúdentspróf með lærisveinum skólans, en alls ekki fyrir því, að utanskólanemendur megi taka árspróf við skólann, enda vakti það ótvíræðlega fyrir þeim, sem fjölluðu um reglugjörðina, að prófrjettindi utanskólanemenda skyldu ekki ná nema til burtfararprófa.

Í annan stað mælir reglugjörðin svo fyrir í 8. gr.: »Í greinum þeim, sem nemendur hafa undir árspróf, skal árseinkunnin lögð við prófeinkunina og er meðaltal fullnaðareinkunn nemendans í hverri grein.« Af þessu er auðsætt, að utanskólanemendur geta ekki fullnægt ákvæðum þeim, sem reglugjörðin setur um árspróf skólanemenda, og yrði þá prófið að miklu leyti marklaust.

Í þriðja lagi áleit fundurinn þingsályktunina fyrir þá sök ísjárverða, að tilhögun sú, er hún fer fram á, getur orðið til þess að koma losi á skólann, enda mun hún naumast vera í samræmi við það, sem viðgengst annarsstaðar í ríkinu.

En fari svo, að stjórnarráðið fallist á þingsályktunartillöguna og verði utanskólanemendum leyft að ganga undir árspróf, telur fundurinn æskilegt, að leyfið væri bundið þessum skilyrðum:

1. Að utanskólanemendur gangi upp í öllum hinum sömu greinum sem skólanemendur.
2. Að engum nemanda, sem hefir farið úr skóla vegna óreglu og óknytta, verði leyft að ganga undir árspróf.
3. Að ársprófið gefi utanskólanemendum engan rjett til inntöku í skólann.

Eg er í alla staði samþykkur ofanskráðu áliti kennarafundarins að því er það snertir, sem varhugavert er við þingsályktunina og er tillaga mín sú:

1. Að leyfi það fyrir utanskólanemendur, sem hjer ræðir um, verði eigi tekið upp sem regla, heldur aðeins veitt sem undantekning, eptir umsókn, þegar skólastjóra og kennurum skólans þykja fullgildar ástæður til og skólastjóri mælir með því.
2. Að hið háa stjórnarráð vildi samþykkja að leyfisveitingin til uppgöngu við árspróf verði bundin skilyrðum þeim, sem fram eru tekin hjer að ofan í áliti kennarafundarins.